

## Fundargerð hreppsnefndar 08. janúar 2015

Fundur hreppsnefndar nr. 13 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps haldinn fimmtudaginn 08. janúar 2015 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16:00.

Mætt til fundar: Eyjólfur Sigurðsson, Stefán Grímur Rafnsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Friðrik Óli Atlason, Bárður Jónasson, Hrund Snorradóttir og Víglundur Páll Einarsson.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá

#### 1. Fundargerðir:

##### a) 120. fundar HAUST dags. 10. desember 2014

Vakin var athygli á að í lið 1.3 í fundargerð er Vopnafjarðar ekki getið varðandi kynningarfundi HAUST með sveitarstjórnnum á Austurlandi. Mun sveitarstjóri kalla eftir að fá framkvæmdastjóra HAUST hingað til fundar í mars, með sveitarstjórn og skipulags- og umhverfisnefnd.

##### b) Atvinnu- og ferðamálanefndar dags. 12. desember 2014

Fundargerðin samhljóða samþykkt.

##### c) Stjórnar Héraðsskjalasafns Austfirðinga dags. 6. nóvember og 12. desember 2014

Lagt fram til kynningar.

##### d) Stjórnar GÁF ehf. dags. 12. desember 2014

Lagt fram til kynningar.

#### 2. Almenn mál:

##### a) Tilboð í húseignina að Hafnarbyggð 1, Vopnafirði

Friðrik Óli yfirgaf fund undir þessum lið. Oddviti lagði til að sveitarstjóra yrði falið að svara tilboðsgjafa og koma húseigninni í sölufurli að viðhöfðu samráði við löggiltan fasteignasala. Á næsta fundi hreppsnefndar verður málið til umræðu að nýju. Samþykkt samhljóða.

##### b) Umsókn um breytingar á rekstrarleyfi Kaupvangskaffis

Oddviti lagði fram eftirfarandi bókun:

Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps leggur til að rekstrarleyfi Kaupvangskaffis verði breytt til samræmis við óskir rekstraraðila eða úr flokki II í flokk III. Sveitarstjórn telur mikilvægt að koma því á framfæri að þrátt fyrir að lagt sé til að breyta rekstrarleyfi Kaupvangskaffis um flokk er ekki verið að samþykkja breytingar á rekstrarforsendum þess. En í beiðni rekstraraðila er farið fram á að breyta rekstrarleyfinu þannig að ef svo ber undir þá er hægt að hafa opið lengur við sérstök tækifæri. Sveitarstjórn leggur því áherslu á að lengri opnunartími eigi aðeins við þegar um menningartengda starfsemi er að ræða en þó ekki lengur en til kl. 01:00.

Tillagan síðan borin upp og hún samþykkt samhljóða.

##### c) Bréf frá skipulags- og umhverfisnefnd

Lagt fram til kynningar

d) Bréf frá Verkfræðistofunni Eflu á Austurlandi

Lagt fram til kynningar

e) Bréf frá Bjarneyju Guðrúnu Jónsdóttur um heilsueflandi samfélag

Bréfi Bjarneyjar Guðrúnar fagnað og samhljóða samþykkt að fela sveitarstjóra að vinna að framgangi málsins.

f) Bréf frá SB-skiltagerð

Sveitarstjóri gerði nánari grein fyrir málinu og að aflokinni umræðu var samþykkt að fela sveitarstjóra að ljúka því.

g) Bréf frá Umhverfisstofnun

h) Bréf frá HAUST

Gerði sveitarstjóri nánar grein fyrir liðum g) og h) í fundargerð, sem taka að nokkru á því sama. Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að vinna að þeim málum sem bréfin varða, þ. á. m. urðunarstað Vopnafjarðar, fráveitumál, samþykktir um gærudýrahald o. fl. Samþykkt að vísa málum til viðkomandi nefnda sveitarfélagsins sem þær varða.

i) Samningur um þjónustu og rekstur hjúkrunarheimilisins Sundabúðar og heimahjúkrunar á Vopnafirði

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu en þann 30. desember sl. var undirritaður endurnýjaður samningur milli Vopnafjarðarhrepps og heilbrigðisráðuneytisins.

Bárður, Hrund og Víglundur Páll lögðu fram eftirfarandi bókun:

Við, undirritað, undrumst það að upplýsingar um undirritun samnings um Sundabúð hafi borist okkur í gegnum fjölmiðla, að hafa hvorki fengið að sjá drög að samningnum né samninginn sjálfan fyrir undirritun og að hafa ekki fengið upplýsingar frá sveitarfélaginu um samninginn og undirritunina fyrr en viku eftir að undirritun átti sér stað.

Svaraði sveitarstjóri í ljósi framkominnar bókunar og gerði nánari grein fyrir verkferlinu þar sem fram kom að samninginn hafi sveitarstjóri fengið í hendur kl. 14 þann 30. desember sl.

Fram fór umræða um samninginn sem verður birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Oddviti bar síðan samninginn upp og var hann samhljóða samþykktur.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og samþykkt, fundi slitið kl. 17:25

**Hér er að finna bréf Bjarneyjar Guðrúnar til sveitarstjórnar varðandi Heilsueflandi samfélag:**

Til sveitastjórnar Vopnafjarðarhrepps

Ég undirrituð hef áhuga á að Vopnafjarðarhreppur taki þátt í verkefni á vegum Landlæknisembættisins sem heitir **Heilsueflandi samfélag**. Ég sjálf hef mikinn áhuga á heilsu og hreyfingu og finnst að vakning hafi orðið í þeim málum hérna á Vopnafirði eins og annars staðar. Fólk er almennt duglegra að hreyfa sig og hugar betur að heilsu sinni. Nú þegar tekur Grunnskólinn þátt í sambærilegu verkefni sem er Heilsueflandi Grunnskóli. Þegar ég fór að leita mér upplýsinga um hvernig væri hægt að vinna svona verkefni þá vildi svo heppilega til að búið er að vinna svona verkefni í Mosfellsbæ og núna eru fleiri sveitafélög að fara í þessa vinnu. Ég hafði samband við Landlæknisembættið sem sendu mér upplýsingar um málið. Landlæknisembættið tekur þátt í mótun verkefnisins með gátlistum og þarfagreiningu sem unnin er í samstarfi við hvert sveitafélag auk þess að veita aðgang að sérfræðingum í ýmsum flokkum sem tengjast verkefninu.

Samkvæmt Alþjóða Heilbrigðisstofnuninni þá er heilsa skilgreind sem líkamleg, andleg og félagsleg vellíðan en ekki einungis það að vera laus við sjúkdóma og örorku. Heilsuefling er ferli sem gerir fólki kleift að hafa aukin áhrif á heilsu sína og bæta hana. Umhverfið spilar stóran þátt í að gera einstaklingi kleift að velja sér lífsstíl sem er heilsueflandi. Þarna kemur sveitafélagið inn og með því að vera Heilsueflandi sveitafélag leggur það áherslu á eftirfarandi:

- Að vera samfélag þar sem heilsa og líðan einstaklinga er í fyrirrúmi í allri stefnumótun á öllum sviðum.
- Áhersla er stöðugt lögð á að bæta bæði hið manngerða og félagslega umhverfi íbúa t.d. með að draga úr ójöfnuði og draga úr tíðni og afleiðingum langvinnra sjúkdóma með margvíslegu forvarnar- og heilsueflingarstarfi.

Verkefninu er skipt upp mismunandi áhersluþætti en það er svo stýrihópsins sem vinnur að verkefninu að þróa framtíðarsýn sveitafélagsins auk þess að vinna þarfagreiningu á helstu sóknarfærum o.s.frv. Áhersluþættirnir eru eftirfarandi:

- **Næring**- holl matvæli og drykkir aðgengilegir og á samkeppnishæfu verði
- **Hreyfing**- auðvelt og mögulegt að ganga/hjóla á milli áfangastaða og gott aðgengi að stunda hreyfingu eða líkamsrækt.
- **Geðrækt, líðan, félagslíf**- einstaklingar og hópar hafa tækifæri til þess að þroskast í leik og starfi og bæta hið manngerða og félagslega umhverfi íbúa.
- **Lífsgæði, lífsstíll**- hugað sé að áfengis-, tóbaks- og vímuefnum.
- **Umhverfi og öryggi**- tryggt sé öruggt, heilsusamlegt húsnæði og umhverfi fyrir alla íbúa.

Hafa ber í huga að verkefnið getur þróast í mismunandi áttir eftir áherslum, áhuga og markmiðum hvers sveitafélags.

En hvers vegna ættum við að taka þátt í þessu verkefni? Ég tel að sem sveitafélag séum við vel í stakk búin til að takast á við þetta verkefni og með samstilltu átaki okkar íbúanna og fyrirtækja á staðnum getum við gert gott sveitafélag enn betra. Ávinningur almennings er t.d. bætt heilsa og lífsgæði, ánægðari, hamingjusamari og heilsuhraustari íbúar, aukin heilsu meðvitund og heilsulæsi, meiri afköst

og bættur árangur. Ávinningur samfélagsins sjálfs er t.d. eftirsóknarverðara samfélag sem er hagkvæmara, skilvirkara, öruggara, sjálfbærara auk þess sem það býður upp á aukin jöfnuð, aukna viðveru og skilvirkni á vinnustöðum og í skólum.

Heilsuefling er jákvæð og með því að gera hana aðgengilega fyrir alla þá verður ávinningur fyrir okkur íbúa og sveitafélagið jákvæður og skilar okkur að ég tel betra samfélagi. Upplýsingarnar sem fram koma hérna á undan vann ég upp úr glærum frá Héðni Svarfdal Björnssyni sem er verkefnisstjóri Heilsueflandi samfélags hjá Landlæknisembættinu.

Með von um góðar undirtektir.

Bjarney Guðrún Jónsdóttir